




Jafnréttis- og jafnlaunastefna Faxaflóahafna

Faxaflóahafnir SF



Jafnréttis- og jafnlaunastefna Faxaflóahafna

Hafnarstjóri ber ábyrgð á jafnréttis- og jafnlaunastefnu Faxaflóahafna. Mannauðsstjóri tryggir framgang stefnunnar.

Jafnréttisstefna stuðlar að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna innan félagsins.

Tilgangur og umfang

Tilgangur jafnréttis- og jafnlaunastefnu Faxaflóahafna er að tryggja að félagið standist lög varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Stefnan byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Jafnréttis- og jafnlaunastefna

Allt starfsfólk Faxaflóahafna skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Ráðningar, laun og önnur umbun byggja ekki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðana eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Faxaflóahafnir vinna markvisst að jafnri stöðu starfsfólks í samræmi við jafnréttisáætlun sem miðar að því að Faxaflóahafnir sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður fyrir alla.

Markmið

- Öll fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Innleiða og viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og viðhalda vottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítingu við lög.



- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru rýnd og uppfærð ef þörf er á.
- Bregðast við óútskýrðum launamun og vinna að stöðugum umbótum með eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.
- Laus störf standi öllum opin.
- Auka fjölbreytileika starfshópsins.
- Starfsfólki verði gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.
- Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun verði aðgengileg öllu starfsfólki.
- Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin.
- Koma í veg fyrir skaðlega vinnustaðamenningu og koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna. Aðgerðir, ábyrgð og tímarammi markmiða jafnréttis- og jafnlaunastefnu eru skilgreind í jafnréttisáætlun.

Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 29. apríl 2025.